

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 7. júní 2019  
UST201905-108/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Svartárbotnar (Gíslaskáli)– fjallasel - Bláskógarbyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fjallselið Gíslaskála í Svartárbotnum í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið snýst um að staðfesta núverandi landnotkun þar sem er 270 m<sup>2</sup> fjallaskáli, 96 m<sup>2</sup> hesthús og tvö hestagerði og um 20 m<sup>2</sup> starfsmannahús. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu þar sem heimilt er að auka byggingarmagn á byggingareit B1 um 100 m<sup>2</sup> og á B2 er heimilt að byggja 100 m<sup>2</sup> skála. Gisting verður fyrir allt að 70 gesti.

#### **Svartárbotnar og fráveita**

Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) er svæðinu lýst sem köldum lindum sem koma undan Kjalhrauni þar sem eru ýmsar mólendisvistgerðir og hrossanál er einkennandi. Lindarvatn sem rennur í Svartá kemur undan Kjalhrauni og í því er að finna bæði grunnvatnsmarflær og dvergbleikju. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða viðkvæmt vistkerfi með tærri lindará og því mikilvægt að fráveita hafi ekki áhrif á ána og allt rask sé í algjöru lágmarki.

#### **Miðhálandisþjóðgarður**

Umhverfisstofnun bendir á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um átak í friðlýsingum og er hluti þess átaks stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Hefur ráðherra skipað þverpólítíska nefnd um verkefnið.

Hlutverk nefndinni er m.a. að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tækifæri með stofnun þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Við störf nefndarinnar verður haft samráð við helstu

hagsmunaaðila og almennasamtök, s.s. náttúruverndarsamtök, útvistarsamtök og samtök  
hagsmunaaðila s.s. í ferðaþjónustu, landbúnaði og orkumálum.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rákel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur